

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 15. mars 2017

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, þingmál nr. 3.

Innan Sálfræðingafélags Íslands starfar Fagdeild sálfræðinga við skóla, sem vann neðangreinda umsögn. Þingsályktunartillögunni er fagnað innan félagsins enda ekki bara þarft heldur nauðsynlegt framtak, óþarft er að fjölyrða um það. Í tillögunni er gerð góð grein fyrir nauðsyn úrbóta.

Sálfræðingar hafa verið starfandi við nokkra framhaldsskóla, s.s. Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann við Hamrahlíð og Flensborgarskólann í Hafnarfirði til lengri eða skemmri tíma. Hefur það sýnt sig að mikil ásókn er í þjónustu sálfræðinga í þessum skólum. Sálfræðingar hafa einnig veitt þjónustu innan fleiri framhaldsskóla í formi námskeiðahalds og fræðslu, bæði í samvinnu framhaldsskóla við viðkomandi sveitarfélög og í verktakavinnu.

Góða samantekt má finna í kaflanum „Sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum“ eftir Hjaltu Jónsson sem starfaði sem sálfræðingur hjá VMA. Kaflann má finna í „Handbók um geðrækt í framhaldsskólum“ sem Landlæknisembættið gaf út 2015.

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item26483/NYTT_NYTT_Handbok%20um%20gedraekt%20i%20framhaldsskolum_m%20bls%20tali%20og%20footer.pdf

Afar mikilvægt er að a) skilgreina sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, þ.e. hverju henni er ætlað að sinna og að b) verklag sé til staðar þegar vísa þarf málum til frekari vinnslu innan heilbrigðiskerfisins.

Það er mat félagsins að störf sálfræðinga við skóla eigi fyrst og fremst að snúast um að sinna geðrækt innan skólanna með virkum forvörnum, t.d. í formi fræðslu og kennslu bjargráða. Einnig er mikilvægt að sálfræðingar veiti ráðgefandi einstaklingsviðtöl við afmörkuðum vanda nemanda.

Ef vandi er þess eðlis að sálfræðingur skóla telji að þörf sé á meðferð eða frekari inngripum, þarf að vera til skýrt verklag um hvert og hvernig málum skuli vísað í samráði við viðeigandi stofnanir, s.s. heilsugæslu, bráðaþjónustu spítala og barnavernd. Einnig þarf það að vera skýrt að sálfræðingar sem starfa við framhaldsskóla sinni ekki frumgreiningum á tilteknum vanda, s.s. athyglisbresti, heldur falli það undir skólaþjónustu viðkomandi sveitarfélags fram að 18 ára aldri.

Forsenda málsins er að fjármagn til verkefnisins sé tryggt til lengri tíma.

Sálfræðingafélag Íslands lýsir yfir fullum vilja til frekara samstarfs vegna málsins.



Hrund Þrándardóttir
formadur